

4. gr.

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sýslusjóðum og sveitarfélögum þau gjöld, sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna skv. öðrum lagafyrirmælum.

5. gr.

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G**um steinullarverksmiðju.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

2. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við láns-kjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánun eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárbörf vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verk-smiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h.f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h.f. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.

Nú tekst ekki að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meiri hluta hlutafjár í félaginu.

Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.